

Hér fyrir neðan er nokkurs konar uppskrift sem notast má við til að búa til einföld orðapúsl.

Orðapúsl:

Notaðar eru íspinnaspýtur og myndir sem klipptar eru niður í jafnmarga hluta og bókstafirnir eru í orðinu sem passar við hverja mynd. Myndahlutarnir eru límdir ofan á íspinnaspýtur og bókstafurinn skrifaður bæði fyrir ofan og neðan. Myndin púslast svo með því að raða henni saman og þá sést hvernig orðið er skrifað. Ég set hér á næstu blaðsíðum myndir sem ég nota mikið sem upplagt er að nota í verkefnið ef áhugi er fyrir hendi. Ég mæli með því að prenta þær út á eins þykkann pappír og prentarinn notar þannig að spjöldin séu stíf. Ef vill má plasta og klippa en það er mun meiri vinna. Orðin eru þriggja og fjögurra stafa og eru 15 myndir af hvorum fjölda orða.







